

## Bókun

### vegna útgáfu kjörbréfa

Magnús D. Norðdahl, umboðsmaður lista Pírata í Norðvesturkjördæmi, leggur fram eftirfarandi bókun á fundi Landskjörstjórnar, sem haldinn er 1. október 2021, kl. 16.00. Tilgangur fundarins er að úthluta þingmönnum kjörbréf í samræmi við úrslit kosninga til Alþingis sem haldnar voru laugardaginn 25. september 2021. Bókun þessi er lögð fram með vísan til 112. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

1. Fyrir liggur að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis braut gegn mikilvægum ákvæðum XV. kafla kosningalaga við meðferð kjörgagna og talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi. Eru ágallar verulegir og með engu móti hægt að útiloka að þeir gætu hafa haft áhrif á úrslit kosninga til Alþingis 25. september 2021. Annmarkarnir á framkvæmd kosninganna fela í sér hættu á að átt hafi verið við atkvæði og þar með ákvarðanir kjósenda. Ekki er því hægt að varna ógildingum með vísan til þess að lýðræðislegur vilji kjósenda sé skýr enda er þvert á móti kominn upp verulegur vafi um þann vilja.
2. Ber því að ógilda kosningu í Norðvesturkjördæmi og fyrirskipa uppkosningu.
3. Í framhaldi af breyttum niðurstöðum yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis um úrslit kosninga í kjördæminu óskaði Landskjörstjórn eftir greinargerð allra yfirkjörstjórna um framkvæmd kosninganna og talningu atkvæða. Barst greinargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis til Landskjörstjórnar hinn 28. september 2021.
4. Að loknum fundi Landskjörstjórnar 28. september 2021 las formaður hennar upp bókun þar sem fram kom að ekki hefði borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis að meðferð kjörgagna hefði verið fullnægjandi. Það væri hlutverk Alþingis samkvæmt stjórnarskrá að staðfesta úrslit þingkosninganna.
5. Í ljósi þess að Landskjörstjórn hefur staðfest að meðferð kjörgagna í Norðvesturkjördæmi hafi ekki verið fullnægjandi, m.a. hafi kjörgögn verið óinnsiglið eftir talningu þeirra, sem í beinni andstöðu við ákvæði kosningalaga, er þess farið á leit við Landskjörstjórn að hún ákveði að fresta útgáfu kjörbréfa til allra frambjóðenda í Norðvesturkjördæmi, sem og útgáfu kjörbréfa til allra frambjóðenda sem fá þingsæti sem jöfnunarþingmenn.
6. Ef Landskjörstjórn telur sig ekki geta orðið við beiðni um frestun á útgáfu kjörbréfa til framangreindra frambjóðanda í Norðvesturkjördæmi og í jöfnunarþingsætum, er þess farið á leit að Landskjörstjórn upplýsi Alþingi um að rannsókn hennar á framkvæmd kosninga og meðferð kjörgagna hafi leitt í ljós verulegan ágalla á framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi og að Landskjörstjórn leggi til við Alþingi að uppkosning fari fram í kjördæminu til að eyða allri óvissu um lögmæti kosningu þeirra 16 þingmanna/frambjóðenda sem málið varðar og um leið umboð mikilvægustu stofnunar samfélagsins, Alþingis.

7. Verði ekki orðið við framangreindum óskum er þess óskað að bókun þessi fái lögmæta meðferð á grundvelli 112. gr. kosningalaga, enda uppi ágreiningur um felldan úrskurð.
8. Til frekari skýringa er lögð fram kæra til Alþingis þar sem óskað er ógildingar kosninga í Norðvesturkjördæmi sem fram fóru 25. september 2021. Fylgir hún með bókun þessari.

Reykjavík, 1. október 2021

Virðingarfyllt

  
Magnús Davíð Norðdahl  
Magnús Davíð Norðdahl